

Tillaga til þingsályktunar

um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Flm.: Logi Einarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Halldóra Mogensen,
Helga Vala Helgadóttir, Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson,
Andrés Ingi Jónsson, Jóhann Páll Jóhannsson, Guðbrandur Einarsson,
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Krístrún Frostadóttir,
Sigmar Guðmundsson, Björn Leví Gunnarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Eva Sjöfn Helgadóttir,
Viktor Stefán Pálsson, Gísli Rafn Ólafsson.

Alþingi ályktar að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla fyrir árslok 2022 um hvort halda skuli áfram aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið.

Eftirfarandi spurning verði borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslunni:

„Vilt þú að Ísland taki upp þráðinn í viðræðum við Evrópusambandið með það að markmiði að gera aðildarsamning sem borinn yrði undir þjóðina til samþykktar eða synjunar?

- Já.
 Nei.“

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um áframhald aðildarviðræðna var áður lögð fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi af Árna Páli Árnasyni, Katrínu Jakobsdóttur, Guðmundi Steingrímssyni og Birgittu Jónsdóttur (626. mál).

Með þingsályktun nr. 1/137, sem samþykkt var 16. júlí 2009, ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið yrði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Sú þingsályktun er enn í fullu gildi enda hefur hún ekki verið felld úr gildi með annarri ályktun Alþingis. Það er því tilgangur þessarar tillögu til þingsályktunar að fylgja eftir þeim vilja Alþingis sem endurspeglast í þingsályktun nr. 1/137. Þegar ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins lagði fram tillögu til þingsályktunar um að draga aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka í febrúar 2014 vakti það hörð viðbrögð almennings. Alls skrifuðu 53.555 undir áskorun um að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræðurnar. Þáverandi ríkisstjórn brást ekki við kröfu meira en fimmtungs kosningarbærra manna.

Það er sameiginleg niðurstaða flutningsmanna að þetta mál sé af slíkri stærðargráðu að eðlilegt sé að leita leiðsagnar þjóðarinnar um framhald þess. Auk þeirra mikilvægu röksemda er lúta að efnahagslegum stöðugleika og fjölmörgu öðru, hníga einnig sterk rök að því að Ísland taki afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu vegna nýs veruleika í varnar- og öryggismálum og hlutverks Evrópusambandsins í þeim efnunum. Af þeim sökum er nauðsynlegt að þingsályktunartillaga þessi verði afgreidd á 152. löggjafarþingi, þannig að unnt verði að halda þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir árslok 2022.